



**Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytið**  
**Jón Bjarnason ráðherra**

Skúlagata 4  
150 Reykjavík

Reykjavík, 5.september 2011

Hæstvirti ráðherra.

12. júlí sl. birti sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytið tillögur að frumvarpi til nýrra dýravelferðarlaga ásamt greinargerð. Samtímis var óskað eftir athugasemdum og ábendingum og veittur frestur til að skila þeim til ráðuneytisins til 21. ágúst. Tillögurnar voru birtar í upphafi sumarleyfa og frestur til að skila athugasemdum við þær lauk fyrir lok sumarleyfistíma.

Starfshópur Samtaka lífrænna neytenda - velferð búfjár (SLN-VB) er 13 manna hópur og var mörgum ekki kunnugt um þessar tillögur fyrr en skilafrestur var útrunninn enda þær einungis kynntar á vef ráðuneytisins og varla getið í fjölmiðlum. Þá barst samtökunum ekki sérstök tilkynning um tillögurnar. Á fundi með fulltrúum Samtaka lífrænna neytenda í maí sl. létuð þér þau orð falla að samtökin létu sig mál af þessum toga varða. Úr því hefur þó ekki geta orðið fyrr en nú hvað varðar þetta mál vegna fyrrgreindra ástæðna og er beðist velvirðingar á því. Þess vegna er óskað eftir að tekið verði tillit til athugasemda og ábendinga SLN-VB og að þær hljóti sömu meðhöndlun og önnur erindi sem bárust fyrir 21. ágúst.

Virðingarfyllst,

f.h. Samtaka lífrænna neytenda – starfshópurinn velferð búfjár

---

Árni Stefán Árnason  
lögfræðingur - ML, sérsvið dýraréttur  
velferdbufjar@lifraen.is  
Sími: 695 2662



## Athugasemdir og ábendingar

Til: Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytið

Frá: Samtök lífrænna neytenda – starfshópurinn velferð búfjár (SLN-VB)

Dags: 5. september 2011

Efni: Athugasemdir og ábendingar vegna tillagna að nýjum dýravelferðarlögum

### Útdráttur

Í athugasemdum og ábendingum þessum er fagnað útfærslu ýmissa ákvæða, sem lúta að dýravelferð og bent á önnur, sem talið er að krefjist endurskoðunar. Gagnrýnd er niðurstaða nefndar um dýravelferð að færa allt eftirlit og valdheimildir til Matsvælastofnunar og það rökstutt.

Rakin eru þau ákvæði, sem gerðar eru athugasemdir við og komist er að þeirri niðurstöðu að endurskoða þurfa ýmislegt m.t.t. til þeirra meginreglna, sem stjórnvöld telja æskilegt að séu viðhöfð við lagaritun. Er þar einkum átt við skýrleika.

Fjallað er um skyldur og heimildir ráðherra til setningu reglugerða skv. tillögunum og m.a. bent á að mikilvægt sé að í nýjum lögum sé kveðið á um, þar sem ráðherra er skv. tillögunum skyldaður til frekari útfærslu tillagnanna í reglugerðum. Í ljósi reynslu á réttarsviðinu er talið að tempra þurfi framsal á löggjafarvaldi til framkvæmdavalds. Samning reglugerða taki yfirleitt óratíma og það geti komið og komi niður á dýravelferð.

Álitið er mikilvægt að bundin verði í lög atriði, sem lúta að hunda- og katthaldi enda réttarstaða þessara gæludýraeigenda óljós og ólík eftir landshlutum.

Að lokum er þeirri spurningu velt upp hver lagaáhrifin verða verði tillögurnar að lögum og lögð áhersla á mikilvægi samráðs við endanlega smíði frumvarpsins.

## I. Inngangur

SLN-VB fagnar ýmsum atriðum, sem fram koma í tillögum að frumvarpi að nýjum dýravelferðarlögum en telur jafnframt að gera þurfi athugasemdir við ýmislegt í þeim.

Sérstaklega er fagnað 1., 11., 3.ml. 2. mgr. 20. gr., 2. ml. 22. gr., 1. og 4. mgr. 34.gr. og VIII kafla tillagnanna ásamt ýmsum skýringum með ákvæðunum. Er það von SLN-VB, verði þau samþykkt, sem lög frá Alþingi, þá hafi þau tilætluð áhrif. Að mati SLN-VB er hér um vandaðri lagaritun að ræða í tilgreindum ákvæðum en áður hefur þekkt á þessu réttarsviði en bendir þó á að efnislega virðast þau almennt miða að sama marki og gildandi lög um dýravernd nr.15/1994 (dvl) og lög um búfjárhald o.fl. nr. 103/2002 (bfh). Er þá einkum átt við 2., 3. og 18. gr. dvl. og 1. og 16. gr. bfh., ákvæði sem innihalda fyrirmæli sem í alltof litlu mæli hafa fengið að njóta sín í framkvæmd. Þar er að mati SLN-VB um að kenna skort á eftirfylgni framkvæmdavalds á ýmsum stjórnarsýslustigum á beitingu gildandi réttar auk skorts á eftirlitshlutverki Alþingis með framkvæmdavaldinu í þessum málaflokki. Þá virðist gæta þekkingarskorts hjá dómstólum og ákærvaldi við túlkun meginreglna um dýravelferð beggja laga og óskiljanleg er beiting dómstóla á refsíákvæðum þeirra miðað við alvarleika ýmissa brota. Með þetta í huga er brýnt að ný lög útrými fyrirnefndum vandamálum, sem hafa verið viðloðandi þetta réttarsvið í áratugi og kostað dýr áþján, sem þau eiga að hafa notið lögverndar gegn en það ekki gengið eftir í fjölda tilvika. Afleiðingin er sú að lífsgæði þúsunda dýra hafa verið skert og því stundum fylgt hreint kvalræði fyrir þau.

SLN-VB mun í þessu erindi sínu reyna að afmarka athugasemdir og ábendingar við atriði sem lúta að opinberum tilgangi og markmiðum hópsins sem er m.a. að vekja athygli á nauðsyn bættis aðbúnaðar og meðferðar búfjár á Íslandi. Hjá því verður þó ekki komist að rýmka umfjöllunina nokkuð enda að mati hópsins víða að finna óljós ákvæði og skort á markvissri stefnu í tillögunum.

## II.

### Um helstu verkefni nefndar um dýravelferð og niðurstöður hennar.

Í athugasemdum við með tillögnum (ranglega kallað athugasemdir við lagafrumvarp) kemur fram að til að ná markmiðum sínum skuli meginverkefni nefndarinnar vera:

1. Að stuðla að því í tillögum sínum að stjórnarsýsla og eftirfylgni mála á sviði dýraverndar yrði skilvirk og sem einföldust í framkvæmd.
2. Að fara yfir hvort endurskoða þyrfti þvingunarúræði og viðurlög um dýravernd.
3. Athugun á hvort auka þyrfti vernd dýra með lögum.
4. Athugun á aukinni réttarvernd gæludýra í ýmsu samhengi.
5. Meindýr
6. Fara yfir ákvæði laga nr. 103/2002, lög um búfjárhald o.fl.
7. Fara yfir ákvæði laga nr. 64/1994, lög um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum.

SLN-VB mun hér á eftir leggja fram athugasemdir og ábendingar sem hópurinn telur skipta máli í samræmi við framangreinda töluliði.

#### **1) Að stuðla að því í tillögum sínum að stjórnarsýsla og eftirfylgni mála á sviði dýraverndar yrði skilvirk og sem einföldust í framkvæmd.**

Meginniðurstaða nefndar um dýravelferð er að með því að færa allt eftirlit til Matvælastofnunar (MAST) og með stofnun fagráðs eigi að tryggja að þau markmið náist, sem lagt var upp með vegna endurskoðun laganna þ.e. að stjórnarsýsla og eftirfylgni mála á sviði dýraverndar verði skilvirk og einföld í framkvæmd. Þetta rökstyður nefndin með því að mesta fagþekkingu til að takast á við mál á sviði dýravelferðar sé að finna hjá MAST og því eigi framkvæmd löggjafar heima hjá stofnuninni.

Athugasemdir:

MAST starfar samkvæmt lögum nr. 80/2005, sem tóku gildi 1. janúar 2006 og hóf stofnunin starfsemi 1. janúar 2008. Hlutverk MAST, markmið og gildi eru skilgreind á heimasíðu stofnunarinnar. Þar kemur fram að gildin séu árvekni, framsækni, traust og gegnsæi. Á það skal

bent að MAST hefur orðið fyrir gagnrýni á störf sín og skulu hér nefnd tvö mikilvæg dæmi um það.

### *1. Samráðsþing MAST 2011*

Samráðsþing MAST 2011 var haldið á Hilton Reykjavík Nordica 14. apríl sl. Fjórum fulltrúum Samtaka lífrænna neytenda var boðið að sækja þingið og mættu allir. Á samráðsþinginu kom fram mikil gagnrýni á störf MAST einkum frá fulltrúa kjötiðnaðarins, sem flutti erindi, sem var á dagskrá fundarins. Gagnrýnin beindist einkum að eftirfylgni MAST við fyrrnefnd gildi þ.e. eftirlit og upplýsingagjöf.

### *2. Landsfundur Landssamtaka sauðfjárbænda 2011*

Á landsfundi Landssamtaka sauðfjárbænda 2011 voru m.a. gerðar eftirfarandi samþykktir. Textinn er óbreyttur úr samþykktunum, undirstrikanir eru áherslur SLN-VB.

#### **2.1. Stjórnsýsla Matvælastofnunar**

Aðalfundur Landssamtaka sauðfjárbænda 2011 krefst þess af Alþingi að starfshættir og stjórnsýsla Matvælastofnunar verði tekin til athugunar af til þess bærum aðilum.

*Greinargerð:*

Þar sem Matvælastofnun fer með almannafé, er handhafi stjórnvalds og fer með breiðan flokk málefna sem varða landbúnað, skiptir miklu máli fyrir alla sem starfa við landbúnað að stofnunin verði starfi sínu vaxin og njóti trausts og virðingar innan bændastéttar sem utan. Mörg undanfarin ár hafa komið fram alvarlegir misbrestir á störfum og starfsháttum Matvælastofnunar. Stjórnvöld hafa í litlu sinnt umkvörtunum bænda þess efnis. Opinber úttekt á stofnuninni hefur ekki farið fram og enn sem fyrr verða bændur varir við mikla anmarka á starfsháttum hennar.

#### **2.8. Stjórnsýsla Umhverfisstofnunar og Matvælastofnunar vegna díoxín málsins**

Aðalfundur Landssamtaka sauðfjárbænda 2011 fordæmir stjórnsýslu Umhverfisstofnunar og Matvælastofnunar vegna díoxín málsins í Skutulsfirði. Eftirlit UST með sorpbrennslunni Funa var ófullnægjandi sem og upplýsingagjöf til almennings. Enn er óvíst hversu miklum skaða MAST olli á orðsþori íslenskra landbúnaðarvara erlendis með ónákvæmri og illa tímasettri upplýsingagjöf til erlendra aðila. Fara verður ofan í alla verkferla tengda tilvikum sem þessum hjá báðum stofnunum og sjá til þess að mál sem þetta endurtaki sig ekki.

Samkvæmt upplýsingum frá Sigurði Eyþórssyni, framkvæmdastjóra Landssamtaka sauðfjárbænda 23. apríl sl. hefur lítið breyst í varðandi framangreindar athugasemdir annað en að menn eru farnir að tala meira saman eins og hann orðaði það.

Ekkert hefur komið fram um að framangreind gagnrýni eigi ekki við rök að styðjast og lítur SLN-VB svo á að taka verði gagnrýnina alvarlega enda kemur hún frá fulltrúa kjötiðnaðarins á Íslandi og stærstu samtökum einstakrar búfjárgreinar hér á landi.

Með þessar upplýsingar undir höndum kemur það því á óvart að nefndin hafi verið samhuga<sup>1</sup> um að leggja það til að MAST skuli falin stjórnsýsla og eftirlitshlutverk í þessum málaflokki án þess að opinber úttekt hafi farið fram á því hvort stofnunin muni valda því hlutverki, sem henni er falið í tillögunum. Það kemur sérstaklega á óvart þar sem í nefndinni sitja þrír starfsmenn MAST, yfirdýralæknir sem er staðgengill forstjóra MAST skv. lögum um Matvælastofnun, lögfræðingur og þriðji starfsmaðurinn titlaður fagsviðstjóri með það skilgreinda hlutverk skv. heimasíðu MAST að hafa umsjón með áhættugreiningu á framleiðslugreinum fóðurs og matvæla og að annast samantekt eftirlitsáætlana og niðurstaðna eftirlitsstofnunarinnar og HES. Ekki er getið um fagleg tengsl þess síðastnefnda við verkefni nefndarinnar. Aðeins einn af þessum þremur aðilum hefur því fagþekkingu varðandi dýravelferð skv. þeim upplýsingum sem fyrir liggja og því aðeins helmingur nefndarinnar með sérstaka þekkingu í þeim efnum. Engin nefndarmanna býr samkvæmt vitneskju SLN-VB yfir sérþekkingu á sviði dýraréttar, þrátt fyrir að slík sérþekking sé til staðar á Íslandi.

Hægt er að færa rök fyrir því í miklu lengra máli af hverju SLN-VB telur það misráðið að færa allar valdheimildir á sviði dýravelferðar til MAST að öðru óbreyttu. Hópurinn telur þvert á móti að allar valdheimildir til árangursríkrar dýraverndar séu til staðar í gildandi lögum. Þeim sé hins vegar sjaldan eða ekki beitt og í því sambandi vísað til valdheimildaskorts og að þær séu óljósar. Þetta er einfaldlega rangt að mati hópsins og auðvelt að rökstyðja það. Gildandi lög um þetta eru skýr og ótvíræð.

Áþekk tilraun og nefndin stingur upp til að bæta stjórnsýslu á sviði dýraverndarmál var gerð með gildistöku dýraverndarlaga nr. 15/1994, en í athugasemdum við frumvarpið sagði:

„Núgildandi lög um dýravernd eru lög nr. 21/1957, sbr. lög nr. 38/1968, um breytingu á þeim lögum, og er frumvarpinu ætlað að koma í þeirra stað. Helstu breytingarnar, sem frumvarp þetta gerir ráð fyrir, varða stjórn og skipulag dýraverndarmála og eftirlit með framkvæmd laganna. Þær eru þessar:

1. Sett verði á stofn sérstakt dýraverndarráð sem tekur til landsins alls. Ráðið kemur í stað dýraverndarnefndar samkvæmt núgildandi lögum. Hlutverk þess er sambærilegt hlutverki nefndarinnar.

---

<sup>1</sup> Á fundi nefndarinnar þann 13. febrúar 2009 var lagt fram minnisblað frá Umhverfisstofnun þar sem fram kom sú tillaga stofnunarinnar að í frumvarpi til nýrra laga um dýravernd verði Matvælastofnun falið að annast eftirlit með velferð dýra í umsjá manna auk viðbragða vegna gruns um illa meðferð dýra. Einnig var lagt til að Matvælastofnun yrði falið að annast stjórnsýslu er varðar leyfisveitingar og eftirlit með starfsemi sem telst til dýrahalds í atvinnuskyni. Hins vegar var lagt til að stjórnsýsla veiðistjórnunar, skv. lögum um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum, nr. 64/1994, yrði óbreytt. Undir þetta sjónarmið Umhverfisstofnunar tók nefndin. – bein tilvitnun úr fyrsta kafla athugasemda með frumvarpinu.

2. Settar verði á stofn dýraverndarnefndir í héruðum landsins til að auka og tryggja eftirlit með framkvæmd laganna. Svæðaskipting tekur mið af skiptingu landsins í umdæmi héraðsdómstóla, sbr. lög nr. 92/1989. Opinberum aðilum er fengið aukið vald til að grípa til aðgerða vegna illrar meðferðar á dýrum.

Auk þessara meginbreytinga eru gerðar ýmsar breytingar á einstökum ákvæðum og þau gerð markvissari en samsvarandi ákvæði gildandi laga. Þá er aukið við mörgum nýjum ákvæðum. Að öðru leyti er vísað til athugasemda við einstakar greinar frumvarpsins.

Þetta hefur mistekist þar sem lögum er ekki fylgt eftir af framkvæmdavaldinu.

Sama tilraun var gerð varðandi gæludýr með lögum nr. 90/2002 um Umhverfisstofnun þar sem henni var falið að annast starfsemi Dýraverndarráðs og framkvæmd laga um dýravernd. Upplýst hefur verið um að Umhverfisstofnun veldur ekki þessu hlutverki sínu og er skýring hennar skortur á mannafla og fjármagni. Um það efni vísast í frétt RÚV „Málefni gæludýra í fjársveldi“ 12. ágúst sl.<sup>2</sup> Þá má vísa í nýlega úttekt Ríkisendurskoðunar á Umhverfisstofnun þar sem fram kemur gagnrýni á starfshætti stofnunarinnar.<sup>3</sup>

SLN-VB telur að tillaga nefndarinnar að færa allt eftirlit og valdheimildir undir MAST miði einungis að enn einni tilrauninni til tilfærslu á valdheimildum, en þær hafa mistekist illa til þessa eins og bent hefur verið á. Það hefur komið niður á velferð dýra. SLN-VB telur að aðrar leiðir árangursríkari og mun benda á þær ef tilefni verður til við meðferð frumvarpsins á seinni stigum.

## **2) Að fara yfir hvort endurskoða þyrfti þvingunarúrræði og viðurlög um dýravernd.**

SLN-VB gerir ekki athugasemdir við þennan þátt hér en vísar til umfjöllunar um X. kafla tillagnanna á bls. 13. Hópurinn vill þó geta þess að hann telur viðurlög nægjanleg, þeim sé hins vegar sjaldan beitt og þegar til beitingar þeirra kemur þá séu þau yfirleitt ekki í neinu samræmi við alvarleika brota að mati sérfræðinga. Úr þessu þarf að bæta með einhverju móti með nýjum lögum og lögskýringargögnum. Þetta hefur verið rannsakað og þessu gerð skil. Þar má nefna endurútgáfu meistararitgerðar Árna Stefáns Árnasonar lögfræðings, Hin leynda þjáning búfjár á Íslandi – um réttaráhrif og framkvæmd dýraverndarlaga, bls. 43, 5. kafla um refsheimildir og dómaframkvæmd í dýraverndarmálum.<sup>4</sup>

<sup>2</sup> <http://www.ruv.is/frettaskyringar/innlendar-frettir/malefni-gaeludyra-i-fjarsveldi>

<sup>3</sup> [http://www.rikisend.is/fileadmin/media/skyrslur/Abending\\_umhverfisstofnun.pdf](http://www.rikisend.is/fileadmin/media/skyrslur/Abending_umhverfisstofnun.pdf)

<sup>4</sup> Aðgengilegt á: <http://www.arnistefan.com/ritgerd/arnistefan-master.pdf>

### **3-4) Athugun á hvort auka þurfi vernd dýra með lögum og athugun á aukinni réttarvernd gæludýra í ýmsu samhengi.**

SLN-VB telur að ef tillögurnar verða að lögum þá hafi nefndinni á ýmsan hátt tekist að skerpa á orðalagi um dýravelferð og dýravernd miðað við núgildandi lög en gerir eftirfarandi athugasemdir.

## **I. kafli Markmið, gildissvið og skilgreiningar**

### **2. gr. Gildissvið**

„Lögin gilda einnig um fóstur þegar skynfæri þeirra eru komin á sama þroskastig og hjá lifandi dýrum”.

Athugasemdir: Ákvæðið er matskennt og óljóst. Hvað er átt við með orðalaginu „þegar skynfæri þeirra eru komin á sama þroskastig og hjá lifandi dýrum”. Er þekking til að meta það fyrir hendi?

## **II. kafli Stjórn dýravelferðarmála**

### **4. gr. Yfirstjórn**

Í 2. mgr. 4. gr. segir; „Matvælastofnun er skylt að leita álits fagráðs um dýravelferð um stefnumótandi ákvarðanir og um umsóknir um leyfi til dýratilrauna”

Athugasemdir: Ákvæðið kveður einungis á um að álit fagráðsins sé ráðgefandi. MAST er skv. ákvæðinu ekki bundið við álit fagráðsins ef það kemst að annarri niðurstöðu en stofnunin sjálf. Þannig er ekki tryggt að hið mikla faglega hlutverk ráðsins eins og það er skilgreint í 5. gr. skili sér í samræmi við markmið tillagnanna eins og þau eru skilgreint í 1.gr. þeirra.

### **5. gr. Fagráð um dýravelferð**

Athugasemdir: SLN-VB fagnar sérstaklega tillögum um að skipaður skuli fulltrúi í fagráðið frá Siðfræðistofnun Háskóla Íslands. Í skýringum með 5. gr. segir jafnframt: „Verður þá að ætla að með því að Dýraverndarsamband Íslands skipi fulltrúa í fagráðið sé enn frekar verið að stuðla að því að fagráðið muni hafa sjónarmið dýravelferðar að leiðarljósi”. SLN-VB vekur athygli á því að á sl. 12 mánuðum hafa tvenn ný samtök verið stofnuð á Íslandi með það að leiðarljósi að stuðla að velferð búfjár sérstaklega. Ástæða stofnunar þessara samtaka er einkum sú að leiðandi afl frjálsra félagasamtaka á vettvangi velferðar búfjár þótti skorta. Samtök lífrænna neytenda eru önnur af þessum tveimur nýstofnuðu samtökum og stærstu samtökin á sínu sviði á Íslandi. Félagsmenn er um 130 auk þess sem hátt á annað þúsund einstaklinga hafa lýst yfir stuðningi sínum við tilgang og markmið SLN á fésbókarsíðu samtakanna. SLN-VB lítur því svo á að fulltrúi samtakanna eigi fullt erindi inn í fagráðið og óskar eftir því að ráðuneytið taki tillit til þeirrar óskar við endanlega frumvarpssmíði.



### **III. kafli**

#### **Almenn ákvæði um meðferð dýra**

##### **7. gr. Hjálparskylda**

Í ákvæðinu segir: „Sá sem verður var við eða má ætla að dýr sé sjúkt, sært, í sjálfheldu eða sé bjargarlaust að öðru leyti ber að veita því umönnun eftir föngum”

Athugasemdir: Í stað orðanna „eftir föngum” er lagt til að standi „eins vel og nokkur kostur er á”

Í ákvæðinu segir jafnframt: „Sé umráðamaður ekki til staðar skal tilkynna atvikið til lögreglu sem kallar til vakthafandi dýralækni á viðkomandi vaktsvæði”

Athugasemdir: Óljóst er hvað átt er við með vakthafandi dýralækni. Er slík dýralæknaþjónusta tryggð eða verður hún tryggð með öðrum lögum eða reglugerðum?

##### **8. gr. Tilkynningarskylda**

Í ákvæðinu segir: „Matvælastofnun skal kanna hvort tilkynning sé á rökum reist”

Athugasemdir: Lagt er til að bætt verði við þessa setningu „án tafar” þ.e.: Matvælastofnun skal án tafar...“

##### **9. gr. Geta, hæfni og ábyrgð**

Í ákvæðinu segir: „Hver sá sem hefur dýr í umsjá sinni skal búa yfir eða afla sér grunnþekkingar á þörfum og umönnun viðkomandi dýrategundar og skal ennfremur búa yfir nægjanlegri getu til að annast dýrið í samræmi við lög þessi”

Athugasemdir: Ákvæðið er óljóst. Hvað felst í grunnþekkingu eða lágmarksþekkingu eins og það er orðað í skýringum og hvernig á að tryggja slíka þekkingu?

„Rekstraraðili leyfisskylds dýrahalds skal sjá til þess að það starfsfólk sem sér um umönnun dýranna búi yfir nægjanlegri hæfni og þekkingu á viðkomandi sviði”

Athugasemdir: Ákvæðið er óljóst. Spyrja má hvernig á að tryggja að þessu verði fylgt eftir af leyfisskyldum rekstraraðila.

„ Þjónustuaðili við dýrahald skal búa yfir nægjanlegri þekkingu til þeirra starfa sem hann annast”

Athugasemdir: Ákvæðið er óljóst. Hvernig á að tryggja að þjónustuaðili við dýrahald búi yfir nægjanlegri þekkingu?

##### **10. gr. Umráðaskipti dýra**

Athugasemdir: Hvernig á að tryggja orðalag ákvæðisins í framkvæmd?

## V. kafli Meðferð og meðhöndlun dýra

### 14. gr. Sérstakt bann

Í d lið 1. mgr. 14. gr. segir; „nota lifandi dýr sem fóður, agn eða sem skotmark í tengslum við skotæfingar eða skotkeppnir“

Athugasemdir: Í skýringum með d lið segir einungis að þar sé um nýmæli að ræða, engar frekari útskýringar er að finna hvað átt er við með ákvæðinu. Gagnálykta má við lestur þess að heimilt sé að nota lifandi dýr sem fóður, agn eða skotmark í tengslum við annað en skotæfingar eða skotkeppni. Ákvæðið er að þessu leyti óljóst og krefst skýrara orðalags.

### 15. gr. Aðgerðir og meðhöndlun

Athugasemdir:

3. mgr. 15. gr.

Enginn rökstuðningur fylgir því af hverju eyrnamerking lamba og kiðlinga yngri en viku gamalla án deyfingar er heimiluð aðrar en þær að ekki þyki raunhæft að hrófla við gömlu fyrirkomulagi. SLN-VB mótmælir því þessu ákvæði. Af því tilefni vísast til svars dr. Björns Steinbjörnssonar DVM hjá MAST vegna fyrirspurnar í tölvupósti. Í svari hans segir; „Fyrir þessu eru engin læknisfræðileg rök lengur. Áður fyrr var haldið, að svona ung dýr væru með svo óþroskað taugakerfi, að þau hefðu mjög litlar tilfinningar. Vísindamenn hafa hrakið þessa staðhæfingu og sannað er að nýfædd dýr hafa sársaukaskyn“.<sup>5</sup>

d liður 4. mgr. 15. gr.

Ákvæðið heimilar geldingar grísa af öðrum en dýralæknum skv. heimild í lögum um dýralækna og heilbrigðisþjónustu við dýr. Bent er á að hvergi virðist vera að finna í lögum um dýralækna og heilbrigðisþjónustu við dýr, heimild til að leyfa aðgerðir af þessu tagi skv. skilningi hópsins.

b liður 5. mgr. 15. gr.

Ákvæðið er matskennt og óljóst. Ekki kemur fram hver á að meta hvort meðhöndlun valdi ekki sársauka eða vanlíðan. Ráðherra er gert skylt að ráðstafa þessu mati í reglugerð. SLN-VB telur brýnt að kveðið verði á um þetta í lögum og vísar til umfjöllunar um reglugerðir í kafla II um þetta efni.

---

<sup>5</sup> Tölvupóstur frá Birni Steinbjörnssyni frá 4. ágúst sl.

### **16. gr. Þjálfun, sýningar, keppni o.fl.**

Athugasemdir: Ákvæðið tryggir ekki dýravelferð við þær aðstæður sem um ræðir heldur er almenn boðregla. Í því felst hvorki forvörn né felast í því fyrirbyggjandi aðgerðir.

### **19. gr. Tilraunir, kennsla og læknisfræðileg starfsemi**

Athugasemdir: Ákvæðinu er mótmælt í heild sinni.

## **VI. kafli Merkingar dýra o.fl.**

### **21. gr. Merkingar og skráningarskylda**

Athugasemdir: 3. mgr. 21. gr. er óljóst ákvæði. Í skýringum segir: „Ákvæðið útilokar ekki eyrnamörk þó sársaukaminni aðferðir séu þekktar[...]. Ákvæðið er í ósamræmi við 1. gr. þar sem segir: „Markmið laga þessara er stuðla að velferð dýra, þ.e. að þau séu laus við vanlíðan, hungur og þorsta, ótta og þjáningu[...]

### **23. gr. Handsömun dýra**

2. mgr. 23. gr.

Í ákvæðinu segir: „Eftir tvo sólarhringa frá handsömun er sveitarfélagi heimilt að ráðstafa hálfvilltu dýri til nýs eiganda, selja það gegn áföllnum kostnaði eða aflífa án bóta”

Athugasemdir: SLN-VB telur þetta alltof stuttan tíma. Atvikum getur verið þannig háttáð að útilokað mál er ná í eigandi af ýmsum ástæðum og þannig er eðlilegt að rýmka þennan tíma þannig að fullreynt sé að ekki náist í eiganda. SLN-VB telur ekki óeðlilegt að miða við tvær vikur eins og í 1. mgr. ákvæðisins.

3. mgr. 23. gr.

Í ákvæðinu segir: „Sveitarfélagi er heimilt að fela öðrum að framkvæma þær skyldur sem tilgreindar eru í 1. mgr. og 2. mgr. með sérstökum samningi þar um”

Athugasemdir: SLN-VB telur að þetta ákvæði ætti að hljóða á eftirfarandi hátt. „Sveitarfélag skal koma sér upp aðstöðu til að hýsa vanskiladýr og skal hún viðurkennd af Matvælastofnun og lúta eftirliti hennar (ef það verður niðurstaðan að hún taki við stjórnslunni). Telji sveitarfélag ekki unnt að koma upp slíkri aðstöðu skal sveitarfélag fela öðrum með samningi þar um að framkvæma þær skyldur sem tilgreindar eru[...] og skal samningsaðili sveitarfélags uppfylla

kröfur sem eftirlitsstofnun gerir um þekkingu og aðbúnað til að hýsa vanskiladýr í samræmi við meginreglur laganna um dýravelferð.

## **VII. kafli** **Villt dýr**

### **24. gr. Föngun villtra dýra**

Í ákvæðinu segir; „Matvælastofnun getur þó veitt leyfi til föngunar villtra dýra til nota við rannsóknir[...]“

Athugasemdir: Óljóst þykir hvað átt er við með hugtaki „rannsóknir“

## **VIII. kafli** **Aðbúnaður, umhverfi o.fl.**

### **27. gr. Aðbúnaður dýra**

1. mgr. 27. gr.

Athugasemdir: SLN-VB leggur til að orðin „eftir því sem og kostur er“ verði tekin úr ákvæðinu því þau gefi of mikið svigrúm til að bregða útaf skyldunni sem felst í ákvæðinu.

2. mgr. 27. gr.

Athugasemdir: Í stað orðanna [...]skal taka tillit[...] leggur SLN-VB til að standi „skal taka fullt tillit“

### **28. gr. Byggingar og búnaður**

1. mgr. 28. gr.

Athugasemdir: Í stað orðanna [...]að tekið sé tillit til[...] komi „að tekið sé fullt tillit til“. Í sama ákvæði segir [...]Einnig skal þess gætt[...]. Lagt er til að þarna standi „Einnig skal það tryggt“

### **29. gr. Skilyrði varðandi aðbúnað villtra dýra í dýragörðum**

Athugasemdir: Lagt er til að í ákvæðinu verði kveðið á um að dýragörðum sé óheimilt að halda svokölluð Nomad dýr, sem eru dýr sem velja sér ekki föst heimkynni í náttúrunni heldur ráfa stöðugt um kjörlendi sitt þ.á.m. eru ísbirnir.<sup>6</sup> Hópurinn telur heillavænlegast að banna með öllu dýragarða á Íslandi en heimila einungis húsdýragarða þar sem megi fara með börn um.

---

<sup>6</sup> Grandin Temple & Johnson Catherine, Animals make us human, New York 2009, bls. 278.

Í ákvæðinu kemur jafnframt fram „að einungis sé heimilt að hafa villt dýr í dýragörðum þegar aðbúnaður sá er þeim er ætlaður er þess eðlis að dýrið geti aðlagast honum á fullnægjandi hátt með tilliti til sjónarmiða um dýravelferð” Ákvæðið er óljóst. Hvað er átt við með orðalaginu „er þess eðlis”? Í ákvæðinu kemur fram heimild ráðherra, ekki skylda, til að setja um þetta nánari fyriræli. Það er ófullnægjandi að mati hópsins. Hér þarf að vera skylduákvæði m.t.t. meginreglu frumvarpsins um dýravelferð.

Í skýringum með ákvæðinu segir; „Greinin setur þær kröfur að ekki megi halda villt dýr í dýragörðum í þeim tilvikum sem dýrið getur ekki aðlagast á fullnægjandi hátt þeim aðbúnaði sem því er ætlaður, t.d. sökum síns náttúrulega atferlis eða annarra þátta sem varðar lífsskilyrði þess” Hvað er átt við með orðalaginu „á fullnægjandi hátt” og hverjum er ætlað að meta það og hafa um það úrslitaáhrif ef deilt verður um þetta?

### **30. gr. Dýrahald, aðferðir og útbúnaður**

Í ákvæðinu segir: „Hver sá sem heldur dýr ber ábyrgð á að starfsaðferðir, tæki, tól og hvers konar útbúnaður sem notaður er á dýr í umsjá hans séu ekki andstæð velferð dýra”

Athugasemdir: Ákvæðið tryggir ekki dýravelferð varðandi starfsaðferðir, tæki, tól og annan útbúnað. Faglegt mat á þessu er ekki tryggt fyrirfram.

Í skýringum með ákvæðinu segir: „Lagt er til að Matvælastofnun geti krafist þann sem notar eða dreifir slíkum tækjum, tólum eða útbúnaði eða kynnir starfsaðferðir er varða dýrahald um gögn því til staðfestingar að tækin valdi dýrum ekki þjáningu eða vanlíðan, til dæmis niðurstöður rannsókna sem sýna að velferð dýra sé nægjanlega tryggð” Skýringarnar kveða á um að eftirlitsaðili þurfi sjálfur að hafa frumkvæði að því að kynna sér tækjabúnað af því tagi sem ákvæðið fjallar um. Skýringarnar kveða ekki á um skyldu umráðamanna að fá heimild til notkunar á slíkum tækjum frá eftirlitsaðila. Þannig getur sú staða komið upp að dýravernd verði fyrst virk þegar eftirlitsaðila hefur borist ábending um starfsaðferðir o.fl.. Ákvæðið hefur ekki forvarnar eða fyrirbyggjandi áhrif. Ákvæðið er matskennt og óljóst.

## **IX. kafli**

### **Gjaldtaka o.fl.**

### **32. gr. Dreifing og merking dýraafurða**

Í ákvæðinu segir; „Ráðherra er heimilt að setja reglugerð um kröfur til merkinga á vörum unnum úr dýrum eða dýraafurðum á grundvelli sjónarmiða um dýravelferð”

Athugasemdir: Vaxandi krafa er um rekjanleika vörutegunda úr dýraríkinu. Það kom m.a. fram á Samráðsþingi MAST 2011. Lagt er til að ákvæðið hljóði svo; Ráðherra skal setja í reglugerð[...]. Þetta er og í samræmi við meginatriði í skýringum með ákvæðinu.

## X. kafli

### Stjórnvaldsfyrirmæli og viðurlög

#### 33. gr. Heimildir Matvælastofnunar og skyldur umráðamanna

Athugasemdir: Ákvæðið er matskennt og óljóst.

Hvað felst í hugtakanotkuninni „alvarlegt brot“ í 2. mgr. Ákvæðið kveður á um heimild, ekki skyldu lögreglu til að leysa úr málum ef grunur er um alvarlegt brot. Engu að síður ber 33. gr. heitið heimildir Matvælastofnunar. Þá þarf skv. ákvæðinu að uppfylla skilyrðið að „brún hætta sé talin á að bið eftir úrskurði valdi dýrum þeim er í hlut eiga skaða“ og það skv. ákvæðinu lagt í mat lögreglu en ekki eftirlitsaðila.

Í 2. mgr. segir jafnframt: „Leiki grunur á að um sé að ræða alvarlegt brot gegn lögum þessum eða reglugerðum sem settar eru með stoð í þeim, getur lögregla farið inn í íbúðarhús, útihús eða aðra þvítíka staði án dómsúrskurðar ef brún hætta er talin á að bið eftir úrskurði valdi dýrum þeim er í hlut eiga skaða“ – hér þarf m.ö.o. ekki dómsúrskurð.

Í skýringum með 1. mgr. segir: „Þegar ekki er um leyfisskylda starfssemi eða íbúðarhús þarf dómsúrskurð þegar Matvælastofnun er neitað um aðgang“ – hér þarf dómsúrskurð.

Spurning: Í hverju felst munurinn á þessum tvennu, það blasir ekki við hópnum. Þá vill hópurinn benda á að talsverðan tíma getur tekið að fá úrskurð dómara og á meðan hallar á rétt dýra til velferðar skv. tillögunum.

SLN-VB telur að gera þurfi þetta ákvæði skýrara og markvissara.

#### 34. gr. Þvingunarúrræði

Athugasemdir: Í 2. mgr. 34. gr. segir: „Stöðvun starfsemi skal því aðeins beitt að um alvarlegri tilvik eða ítrekað brot sé að ræða eða ef aðilar sinna ekki fyrirmælum innan tilgreinds frests. Við stöðvun starfsemi er heimilt að leita aðstoðar lögreglu ef með þarf“ Spyrja má hvaða mælikvarða á að nota á hugtakanotkuninni „alvarleg tilvik eða ítrekað brot“? Það er óljóst í tillögunum.

Í skýringum með 4. mgr. 34. gr. segir: „Í 4. mgr. er vörslusvipting dýra afmörkuð ítarlega enda getur verið um mikið inngríp að ræða í atvinnuréttindi og eignaréttindi umráðamanns dýrs“

SLN-VB lýsir yfir undrun sinni á þessu orðalagi og vísar máli sínu til stuðnings í meginreglu 1. gr. um markmið laganna. SLN-VB telur að ekki eigi meta vægi atvinnu- og eignaréttinda á móti þeim hagsmunum dýra sem verið er að kveða á um í tillögunum að skuli vernda. Í vafatilvikum

eigi dýrin að fá að njóta hans, ekki umráðamenn. Vísast um þetta efni til orða prófessors Ármanns Snævars í athugasemdum með dýraverndarlögunum frá 1957.

Á síðari árum hefur afstaða fræðimanna til þessara brota<sup>7</sup> tekið nokkrum breytingum. Menn benda nú á að lagavernd sú, sem fólgin sé í dýraverndarlöggjöf, sé veitt vegna dýranna sjálfra – hér sé verið að vernda líf og heilsu dýranna og lagaþróunin stefni óðfluga að því að veita a.m.k. þeim dýrum, sem standa í nánustu tengslum við menn, lagavernd, að því er líf og heilsu varðar

Fleiri athugasemdir mætti gera við skýringar með 34. gr. einkum hvað varðar tilvísanir í meginreglur stjórnsýsluréttur en þar sem um tillögur er að ræða mun hópurinn ekki fara út í slíkar lögfræðilega vangaveltur á þessu stigi málsins.

### **36. gr. Svipting leyfis til dýrahalds**

Matvælastofnun er heimilt að svipta leyfishafa leyfi sem gefið er út samkvæmt 11. gr. verði hann ítrekað uppvísi að því að vanrækja skyldur sem á honum hvíla samkvæmt lögum þessum eða öðrum lögum sem um reksturinn gilda eða brjóti hann að öðru leyti ítrekað gegn skilyrðum eða skilmálum leyfisins.

Athugasemdir: 11. gr. tilgreindir tvennskonar leyfi skv. orðalagi ákvæðisins þ.e. leyfi fyrir dýrahaldi og leyfi fyrir starfsemi sem tilgreind er í viðauka I. Hvað er átt við með heimild til leyfissviptingar skv. 36. gr. Á það bæði við um bæði leyfin eða einungis annað atriðið í senn.

Athugasemdir: Aftur kemur fyrir hugtakið „ítrekað” og er það ekki útskýrt í skýringum ákvæðisins fremur en annarsstaðar í skýringum. Þetta er mjög matskennt orð og skýring þess án efa mjög einstaklingsbundin. SLN-VB telur þörf á skýringum á þessu.

### **37. gr. Heimildarsvipting með dómi**

Athugasemdir: SLN-VB ítrekar þá skoðun sína að brýn þörf sé á að skilgreina hugtökin „stórfellt eða ítrekað brot á lögum þessum” Dómaframkvæmd ber þess merki að óljós og matskennd hugtakanotkun í lögum hafi valdið heilabrotum hjá dómurum enda þarf ákærvald að heimfæra atvikalýsingar við refsíákvæði laga. Dómarar þurfa því að njóta einherrar leiðbeiningar um hvort skilyrði refsíabyrgðar séu uppfyllt skv. 38. gr. þar sem hugtakanotkunin kemur líka fyrir. SLN-VB gerir sér grein fyrir því að útskýring á þessu er í verkahring ákærvalds þ.e. að upplýsa dómarann og leiða hið sanna og rétta í ljós en bendir samtímis á það að lítillar sérþekkingar gæti í dýrarétti hjá dómstólum og ákærvaldi og því er brýnt að það sem valdið hefur vafa hingað til sé eins skýrt og kostur er í lögum og lögskýringargögnum.

---

<sup>7</sup> Brota á lögum um dýravernd

## **Niðurstaða að loknum athugasemdum og ábendingum við einstök ákvæði í tillögunum.**

SLN-VB hefur í framangreindri samantekt sinni vísað til þess að sumt þyki óljóst í tillögunum og orðalag megi bæta á ýmsum stöðum auk annars. Þess vegna þykir hópnum ástæða til að vísa í eftirfarandi texta á bls. 19 í lið 1.1 í kafla II. Leiðbeiningar um samningu og frágang lagafrumvarpa í Handbók um undirbúning og frágang lagafrumvarpa. Undirstrikanir eru hópsins.

### **1.1. Almennt: skýrt mál er gott mál.**

Þegar lagafrumvarp er skrifað þarf að hafa í huga að lesandinn geti auðveldlega lesið og skilið textann. Þótt lesendur lagafrumvarpa séu fyrst og fremst alþingismenn, embættismenn og ýmsir sérfræðingar og texti laga sé vissulega viðfangsefni lögfræðinga og dómara er nauðsynlegt að hafa hugfast að öllum ber að fara að lögum og því verður lagatexti að vera skýr og skiljanlegur sem flestum, sérstaklega þeim sem löggin varða.

Meginmarkmiðið er að lagafrumvörp séu á eðlilegu og skýru máli. Textinn þarf að vera eins nákvæmur, skýr og auðskilinn og kostur er svo að innihaldið komist til skila og hægt sé að lesa hann viðstöðulaust án þess að þurfa að velta mikið fyrir sér merkingu einstakra orða eða setninga. Nauðsynlegt er að efnisatriði sem eiga saman standi saman ekki sé vaðið úr einu í annað.

Þó verður að hafa í huga að lagamálið er íhaldssamt í eðli sínu og ýmsar hefðir hafa skapast sem lögfræðingum (og embættismönnum) eru tamar. Hins vegar má það ekki fjarlægjast svo daglegt mál að það valdi misskilningi.

Texti lagafrumvarpa á að vera á lýtalausni íslensku máli og laus við villur í málfari og stafsetningu, greinarmerkjasetning á að vera skýr og frágangur til fyrirmyndar. Hvort sem verið er að semja lagafrumvarp eða annan texta er gott ráð að lesa textann í heild í lokin, jafnvel upphátt, athuga hvernig hann hljómar og hvort hann skilst auðveldlega. Ekki er verra að reyna að setja sig í spor lesandans sem oftast er ekki hefur minni þekkingu á efninu en höfundurinn.

## **5-7) Um meindýr, ákvæði laga nr. 103/2002, lög um búfjárhald o.fl. og ákvæði laga nr. 64/1994, lög um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum.**

SLN-VB vísar til umfjöllunar á öðrum stöðum þar sem það á við.

## **II.**

### **Um skyldur og heimildir ráðherra til setninga reglugerða skv. tillögunum**

Nefnd um dýravælfærð starfaði í rúm 3 ár við það verk sem ráðuneytið óskar nú umsagnar um. Þrátt fyrir langan aðdraganda að þessu verki hefur nefndin komist að þeirri niðurstöðu að eftirláta sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra frekari útfærslu ákvæða á ýmsum stöðum í tillögum



sínum. Þannig kveða tillögurnar á um skyldu ráðherra á samtals 10 stöðum til frekari útfærslu á ákvæðum. Í sumum tilvikum er fjallað um útfærslu á mjög mikilvægum atriðum sem varða dýravelferð.

Á níu stöðum í tillögunum er kveðið á um heimild ráðherra til að aðhafast frekar varðandi útfærslu laganna. Um muninn á milli skyldu- og heimildarákvæða verður ekki fjallað hér en lögð áhersla á, í ljósi fenginnar reynslu, að mikilvægt er að tempra framsal á löggjafarvaldi til ráðherra.

Það er kunnara en frá þurfi að segja að ráðherrum hefur farist þetta verk misvel úr hendi í gegnum tíðina. Færð hafa verið rök fyrir því á ýmsum stöðum að mörg ákvæði í aðbúnaðarreglugerðum búfjár séu í andstöðu við gildandi lög en reynst hefur erfitt að fá því breytt. Þegar inn í ráðuneyti er komið virðist pólitískur þankagangur ráðherra fremur ráða för en hlutverk þeirra samkvæmt stjórnlögum sem er að sjá um framkvæmd laga. Þannig hefur SLN-VB sent sjávarútveg- og landbúnaðarráðherra opið bréf dagsett 14. júlí sl., þar sem honum er bent á að helstu aðbúnaðarreglugerðir fyrir búfé á Íslandi samræmist ekki lögum um velferð dýra skv. gildandi lögum um dýravernd nr. 15/1994. Í því bréfi kemur jafnframt fram ábending Dýralæknafélags Íslands um sama efni. Ráðherra hefur við hvorugri ábendingunni brugðist en hin síðarnefnda er margra mánaða gömul. Þá hefur ráðherra ekki brugðist við ítrekuðu og yfir eins árs gömlu erindi Dýraverndarráðs um breytingu á 2. mgr. 5. gr. Reglugerðar nr. 438/2002 – ákvæði um útivist mjólkurkúa.

Hópurinn telur að aldrei hafi verið mikilvægara en einmitt nú að ný lög um dýravelferð séu eins skýr og nokkur kostur er og aukin vernd dýra komist í framkvæmd, sem allra fyrst.

Af framansögðu má sjá að þótt ný dýravelferðarlög verði samþykkt á næsta þingi er óljóst hvenær þau taka gildi og búast má við að langur tími líði þar til hafist verður handa við reglugerðarsmíði, það sýnir einfaldlega reynslan.

Ákvæði í tillögum nefndarinnar, sem skylda ráðherra til reglugerðarsmíði eru mörg hver mikilvæg m.t.t. dýravelferðar. Hópurinn ætlar ekki að rekja þau hér en skorar á ráðuneytið að taka þetta til endurskoðunar og fella strax inn í frumvarpið þau atriði þar sem ráðherra er skyldaður til frekari útfærslu á ákvæðum í reglugerð.

### **III. Bráðatilvik**

Ekki verður séð af tillögunum að hægt verði að sinna bráðatilvikum t.d. um helgar eða á öðrum frídögum vegna slæmrar meðferð dýra hvorki gæludýra né búfjár. Ekki er gert ráð fyrir bakvakt hjá eftirlitsaðila í tillögunum vegna slíkra og reynslan sýnir að lögregla forgangsraðar verkefnum sínum ekki í þágu dýraverndar né hefur hún fagþekkingu á því sviði. Mikilvægt er að kveðið sé á um þetta í lögum.

### **IV. Hunda- og kattahald**

Reglur um hunda- og kattahald er að finna í reglugerð nr. 1074/2004 auk fjölda samþykktar sveitarfélaga skv. heimild sveitarfélaga til setningar slíkra samþykktar í lögum um hollustuhætti og mengunarvarnar. Samþykktirnar eru margar óljósar og ósamhljóða um fjölmörg atriði sem varða dýravelferð. Það er í ósamræmi við 65. gr. stjórnarskrá lýðveldisins Ísland nr. 33/1944 hvar segir; „ Allir skulu vera jafnir fyrir lögum[...] Þá er réttarstaða hunda- og kattaeigenda mjög misjöfn eftir landshlutum. Ekki eru efni til þess að fjalla um það nánar hér heldur vísað til samþykktanna og fyrrnefndrar reglugerðar en um leið vakin athygli á því að málsmeðferðir er varða illa meðferð katta og hunda er í miklum ólestri víða um land. Þar er m.a. um að kenna óljósum réttarheimildum.

Starfshópurinn telur brýnt að kveðið verði á um hunda- og kattahald í lögum svo almennar reglur gildi um það um allt land en ekki ólíkar eftir landshlutum og að hagsmundaaðilar verði hafðir með í ráðum við samningu slíkra ákvæða þ.á.m. Kattavinafélag Íslands, Hundaræktarfélag Íslands í samræmi við lög þess félags og Dýraverndarsamband Íslands.

### **V. Lagaáhrifin, þáttur ríkisvaldshafa og lokaorð**

Þáttur dómstóla vegna brota á lögum um dýravernd, lögum um búfjárhald o.fl. og reglugerðum hefur verið gagnrýndur og sú gagnrýni rökstudd. Almennt hafa þeir sem gagnrýnt hafa þann þátt verið sammála um að refsingar hafi ekki endurspeglad alvarleika brota, dómsáttir verið lágar og lagaheimildir til sviptingar leyfis til dýrahalds verið lítið nýttar þó oft hafi verið tilefni til að mati sérfræðinga. Bent hefur verið á leiðir út úr þeim vanda hér.

Eftirfarandi spurning er því áleitin. Ef sú tillaga, sem nú liggur fyrir hefði verið gildandi réttur frá 1994 eða jafnlengi og núverandi dýraverndarlög hafa verið í gildi, væri þá staða dýraverndarmála önnur í dag og hefði mátt búast við því að dómstólar hefðu tekið öðruvísi á málum en þeir hafa verið gagnrýndir fyrir að gera? Framkvæmdavaldinu þ.m.t. ákærvaldi hefur sannanlega ekki tekist það og Alþingi hefur brugðist í eftirlitshlutverki sínu gagnvart framkvæmdavaldinu hvað varðar þennan málaflokk.

Það er von SLN-VB að athugasemdir hópsins verði teknar til gaumgæfilegrar skoðunar svo aflétta megi þeirri lausung, sem einkennt hefur framkvæmd dýraverndarlaga, laga um búfjárhald o.fl. og smíði og framkvæmd reglugerða settum með stoð í lögnum sl. áratugi. Framlag hópsins er viðleitni til slíks. Hópurinn afsakar ef einhverjar augljósar villur koma fram í þessum athugasemdum og ábendingum en bendir á að honum gafst mjög takmarkaður tími til að gera athugasemdir við ríflega þriggja ára starf nefndarinnar. Þá áskilur hópurinn sé rétt til að koma að frekari athugasemdum við frumvarpið á síðari stigum þess.

Að lokum bendir hópurinn á mikilvægi samráðs við samningu frumvarpsins og vísar af því tilefni sérstaklega til kafla 4.3. Samráð við hagsmunaaðila og almenning bls. 10 og 18 í Handbók um undirbúning og frágang lagafrumvarpa.<sup>8</sup> SLN-VB óskar eftir því við ráðuneytið að samráð verði haft við samtökin varðandi endanlega smíði frumvarpsins.

---

<sup>8</sup> Handbók um undirbúning og frágang lagafrumvarpa, forsætisráðuneytið, dóms- og kirkjumálaráðuneytið, skrifstofa Alþingis, 2007.